

## Alþjóðaráð - vinnufundur

Fundargæð 07.01.2017 kl 14:00 – 18:00 í Hraunbæ 123

Mættir: Jón Þór Gunnarsson, formaður, Liljar Már Þorbjörnsson, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi: Marta Magnúsdóttir og Tinna María Halldórsdóttir

### Dagskrá

1. Setning: JÞG setti fund og sagði frá því að MM verði við nám í Bandaríkjunum fram á vor og muni því ekki mæta á fundi ráðsins á þeim tíma.
2. Finnlandsferð 2016: Skýrsluskrif til Erasmus+ mjakast áfram. LMP hefur umsjón.
3. Forandringsagenterne 2016: Skýrsluskrif til Erasmus+ mjakast áfram. JA hefur umsjón í fjarveru MM. JA hefur lokið greiðslu ferðastyrkja.
4. Auður djúpúðga 2017: Leiðangurinn er í undirbúningi og hafa 12 rekkaskátar skráð sig til þátttöku. Leiðangursstjórar verða Silja Þorsteinsdóttir og Finnbogi Jónasson. JA hefur bókað flug fyrir hópinn. Undirbúningsfundur er fyrirhugaður n.k. þriðjudagskvöld.
5. Crean Challenge Expedition 2016-2017: Leiðangurinn er í undirbúningi og hafa 10 dróttskátar skráð sig til þátttöku. Leiðangursstjórar eru Silja Þorsteinsdóttir, Finnbogi Jónasson og Guðmundur Finnbogason. Fyrsta undirbúningshelgi var í desember og nú er hópurinn að vinna „heimaverkefni“.
6. Rovernet-Venturennet 2016: Anna Marta Söbech og Benedikt Þorgilsson tóku þátt í viðburðinum sem haldinn var í Róm í desember. JA falið að senda þeim ferðaskýrsluformið og óska eftir að þau segi frá því hvernig þau sjá fyrir sér miðlun þeirra upplýsinga sem fram komu á viðburðinum.
7. Young Spokesperson Training 2017: Viðburðurinn mun fara fram á Íslandi í apríl. LMP er í undirbúningshópi sem mun funda í London í mars. BÍS á 3 gjaldfrjáls sæti. JA falið að auglýsa eftir þátttakendum síðar í vikunni, eftir að búið er að birta grein sem LMP hyggst skrifa. Umsóknarfrestur verður til 1. febrúar. Samráð verður við upplýsingaráð um kröfur til þátttakenda.
8. RoJam 2017: Mótið var kynnt á Tækifæri í alþjóðastarfi og sýndu margir því áhuga. Í framhaldinu stofnaði MM Facebook hóp fyrir áhugasama, en lítið hefur gerst þar. LMP ætlar að kanna hvort einhver hefur áhuga á að taka forystu í verkefninu.
9. Heimsþing WAGGS 2017: Þingið verður í Dehli á Indlandi 18.-22. september og er gert ráð fyrir að BÍS sendi einn fulltrúa. Gera má ráð fyrir að kostnaður verði ca kr 350.000,- per þátt.
10. Heimsþing WOSM 2017 og Ungmennanþing WOSM 2017: Þingin verða í Azerbaidjan, ungmennanþingið 7.-10. september og heimsþingið 14.-18. september. Vonast er til að BÍS sendi amk. einn fulltrúa á ungmennanþingið sem mun þá einnig taka þátt í heimsþinginu og að ca 2-3 fulltrúar til víbótar fari á heimsþingið auk fulltrúa frá World Scout Moot. Gera má ráð fyrir að kostnaður verði ca 350.000,- per þátt.
11. Heimsþing WOSM 2017 – Rules of Procedure: Heimsstjórn hefur sent út RoP fyrir þingið og eru nokkrar breytingar frá fyrri þingum. Greiða þarf atkvæði bréflaga fyrir miðnætti annað kvöld. JÞG leggur til að BÍS samþykki. JA falið að koma atkvæði til skila í lok fundar.
12. Roverway 2018: Engin viðbrögð komu við auglýsingu um fararstjóra fyrir jól. Ákveðið að auglýsa aftur. JA annast.
13. Jamboree 2019: Ákveðið að fresta því að auglýsa þar til gengið hefur verið frá skipan fararstjóra á Roverway.

14. Vítamínkvöld alþjóðaráðs 19. janúar 2017: Útbúin voru drög að dagskrá og kynningartexta. LMP sendir á Dagbjörtu í Skátamiðstöðinni.
15. Fyrirspurn frá Lettum: BÍS barst í vikunni fyrirspurn frá ráðuneyti í Lettlandi um það að taka á mótí sendinefnd frá þeim sem verður hér á landi til að kynna sér ýmislegt tengt æskulýðsmálum. Heimsóknin er tengd EEA styrkjum EFTA. Samþykkt að svara því til að BÍS geti tekið við hópnum og kynnt starfsemi sína, en sú kynning falli væntanlega ekki nema að litlu leiti að áherslum þeim sem tilgreindar voru í beiðninni. JA svarar.
16. Erindi sem hafa verið kynnt á „Tækifærum í alþjóðastarfi“ frá síðasta fundi ráðsins:
  - a. The 22nd Arab Girl Guides Camp (Discovery - Adventure - Fun) 2 – 9 February 2017, Sharm El Sheikh, Egypt. Okkur var að berast boð um þátttöku í þessu mótí
  - b. Evrópumót Rekka og Róverskáta, Roverway verður í Hollandi sumarið 2018!  
Alþjóðaráð auglýsir eftir áhugasömum skátum sem vilja undirbúa og kynna ferð íslenskra skáta á Roverway í Hollandi 2018. Umsækjendur þurfa að vera 21 ára eða eldri.
  - c. Rekkaskátar frá Belgíu vilja heimsækja íslenska rekkaskáta og bjóða þeim síðan til sín.
  - d. Tveir skátar frá Slóveníu hafa áhuga á að hitta íslenska skáta í Reykjavík um áramótin.
  - e. Það er verið að leita að alþjóðlegu staff 18+ á skáta "mótið" (meira eins og lengri útilega) í Danmörku Date: 26th dec. 2016 - 02nd Jan 2017. Þetta er haldið í skátamiðstöðinni Houens Odde.
  - f. Boy Scouts of America Jamboree 2017  
Landsmót BSA verður haldið í júlí og býðst íslenskum skátaflokki að taka þátt í því.
  - g. WAGGGS Europe óskar eftir sjálfboðaliðum til starfa í nefndum og vinnuhópum 2017-2019.
  - h. Rekkaskátar frá Belgíu vilja vinna verkefni með íslenskum rekkaskátum á Íslandi í byrjun júlí.
  - i. Suncheon Asia-Pacific Scout Center í Kóreu býður erlendum skátum að koma til starfa í 3 mánuði.
17. Verkaskipting alþjóðaráðs: Farið var yfir verkaskiptinguna sem rædd var á síðasta fundi og gerð drög að lýsingu þeirra eiginleika sem æskilegt er að fulltrúar í ráðinu hafi til að bera.
18. Stefna BÍS á alþjóðlegum fundum og ráðstefnum: Sett voru saman fyrstu drög að skjali sem skýrir meginstefnu BÍS málefnum sem rædd eru á fundum og ráðstefnum þar sem fulltrúar BÍS tala máli bandalagsins.